

ok drukku ok váru kátir. Þá tók Þráinn til orða: „Ekki mun ek gera at launtali þat, sem mér er í skapi; þess vil ek spyrja þik, Høskuldr Dala-Kollsson: villtú gipta mér Þorgerði, frændkonu þína?“ „Eigi veit ek þat,“ segir hann; „mér þykkir þú lítt hafa við þessa skilit, er þú áttir áðr, eða hvern maðr er hann, Gunnarr?“ Gunnarr svarar: „Eigi vil ek frá segja, mér er maðrinn skyldr, ok seg þú frá, Njáll,“ segir Gunnarr, „því munu allir trúa.“ Njáll mælti: „Þat er frá manni at segja, at maðr er auðigr at fé ok gorr at sér um allt ok it mesta mikilmenni, ok megið þér því gera honum kostinn.“ Þá mælti Høskuldr: „Hvat sýnisk þér ráð, Hrótr frændi?“ Hrótr svaraði: „Gera máttu því kostinn, at þetta er henni jafnræði.“ Þá tala þeir um kaupin ok verða á allt sáttir. Stendr þá Gunnarr upp ok Þráinn ok ganga at pallinum; spurði Gunnarr þær mœðgur, hvárt þær vildi játa þessum kaupum; þær kváðusk eigi bregða mundu. Fastnaði Hallgerðr dóttur sína. Þá var skipat konum í annat sinn; sat þá Þórhalla meðal brúða. Ferr nú boðit vel fram. Ok er lokit var, ríða þeir Høskuldr vestr, en Rangæingar til sinna heimila. Gunnarr gaf mörqum mörnum gjafir, ok virðisk þat vel. Hallgerðr tók við búráðum ok var fengsöm ok atkvæðamikil. Þorgerðr tók við búráðum at Grjótá ok var góð húsfreyja.

XXXV. KAPÍTULI

ÞAT var siðvenja þeira Gunnars ok Njáls, at sinn vetr þá hvárr heimboð at qðrum ok vetrgríð fyrir vináttu sakir.¹ Nú átti Gunnarr at þiggja vetrgríð at Njáli,

¹ Orðatiltækið *þiggja vetrgríð* táknar þiggja vetrarboð, veizlu að veturnóttum. Annars merkir *vetrgríð* ævinlega

veturvist. Notkun orðsins hér hlýtur að styðjast við það, að í stórveizlum, þar sem margt manna kom, voru sett